



Til: Hermann Bárðarson <hermann.b@simnet.is>
Afrit: hildurhafberg <hildurhafberg@ust.is>, gaukur@nordurthing.is
Efni: Re: Ósk um umsögn vegna fuglaskoðunarskýlis á Langanesi
Upplýsingar: Sent: 20.01.2020 17:11:26 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2020010059, Málalyklar: 42-0 Umsagnir almennt

Tilvísun í mál: 2020010059

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts, dags. 17. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um uppsetningu á fuglaskoðunarhúsi á Langanesi, við Trjábás, í landi Skoruvíkur.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd við að reist sé fuglaskoðunarskýli skv. gögnum sem fylgdu erindinu. Stofnunin bendir á að gæta þarf vel að gróðri á svæðinu en gróðurhulan er viðkvæm og því mikilvægt að ferðum fólks um svæðið sé vel stýrt með stígum og bílastæðum. Að sama skapi gæti það verið til bóta að afmarka hversu nálægt brún má fara til þess að truflun við fuglalíf sé sem minnst. Setja má upp umgengnisreglur til að tryggja að fólk sé upplýst um hvernig ber að haga sér nálægt villtum dýrum, viðkvæmum gróðri og bjargbrúnum.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Frá: Hermann Bárðarson <hermann.b@simnet.is>
Dags: 17.01.2020 12:08:54
Til: trausti@ni.is
cc: hildurhafberg <hildurhafberg@ust.is>
Efni: Ósk um umsögn vegna fuglaskoðunarskýlis á Langanesi

Sæll Trausti

Ég hef samband við þig vegna fyrirspurnar minnar til Umhverfisstofnunar, sjá póst hér að neðan og meðfylgjandi gögn. Í svari Umhverfisstofnunar kom fram að það þurfi hugsanlega einnig að koma umsögn frá Náttúrufræðistofnun Íslands. Ef þú telur þörf á, væri gott að fá umsögn frá þinni stofnun. Framkvæmdasjóður ferðamannastaða hefur gefið mér frest til 21. janúar nk. til að skila inn gögnum með umsókn sem málið varðar.

Bestu kveðjur,
Hermann Bárðarson

Sæl Hildur

Í framhaldi af samtali okkar áðan sendi ég hér ósk um umsögn Umhverfisstofnunar vegna framkvæmdarleyfis fyrir byggingu fuglaskoðunarskýlis við sk. Trjábás í Skoruvíkurbjargi á Langanesi, sjá meðfylgjandi gögn. Landið sem um ræðir er á Náttúruminjaskrá.

Erindið varðar umsókn frá Fuglastíg á Norðausturlandi til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða og við höfum frest til 21. janúar nk. til að senda sjóðnum umsögn frá Umhverfisstofnun.

Bestu kveðjur,
Hermann Bárðarson

Formaður Fuglastígs[attachment "Byggingarleyfi Skoruvíkurbjarg undirritað.pdf" deleted by Trausti Baldursson/NI.IS] [attachment "Skýli við Skoruvíkurbjarg á Langanesi allar teikningar.pdf" deleted by Trausti Baldursson/NI.IS] [attachment "Mynd með tillögu að staðsetningu skýlis við Skoruvíkurbjarg á Langanesi.pdf" deleted by Trausti Baldursson/NI.IS]